



Skrifstofa Alþingins, nefndarsvið

Atvinnuveganefnd

Kirkjustræti

150 Reykjavík

Vestmannaeyjum, 10 febrúar 2021

## **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða**

Atvinnuveganefnd Alþingis óskaði eftir umsögnum um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (atvinnu- og byggðakvótar o.fl.). Þingskjal 625 á 151 löggjafarþingi 2020 – 2021, Mál nr.: 418 – stjórnarfrumvarp.

### **Fyrri umsagnir, ábendingar og breytingartillögur tengdar**

Vestmannaeyjabær einn og sér, sem og í samstarfi við SASS (samtök sunnlenskra sveitarfélaga), hefur sent inn nokkrar umsagnir, ábendingar og breytingartillögur tengdar yfirstandandi breytingum á 5,3% veiðiheimildunum, sem mikilvægt er að kynna sér í samhengi við þessa umsögn. Vestmannaeyjabær hefur látið málefnið sig miklu varða og hefur lagt í mikla vinnu til að hafa jákvæð áhrif á framgang þess. Vestmannaeyjabær harmar mjög þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið við endurskoðun 5,3% veiðiheimildanna bæði vegna samráðsleysis sem og hversu lítið tillit hefur verið tekið til innsendra athugasemda.

### **Skel- og rækjubætur**

Í frumvarpinu er lagt til að skel- og rækjubætur verði gerðar upp með varanlegum hætti með því að skerða aflahlutdeild núverandi handhafa aflahlutdeilda. Vestmannaeyjabær fagnar því að lagt er til að gert verði upp við þá sem þegið hafa þessa bætur. Einfaldara kerfi er til hagsbóta. Hins vegar leggst Vestmannaeyjabær gegn því að það verði gert með skerðingu aflahlutdeildar annarra aðila í sjávarútvegi. Eðlilegra er að íslenska ríkið greiði bótaþegum fébætur úr ríkissjóði. Ef þessum bótaþegum verður afhent 1482 ÞÍG tonn, þá þarf að skerða aflahlutdeild sem stendur utan 5,3% veiðiheimildanna um sama magn. Mest af þeim veiðiheimildum sem stendur utan 5,3% veiðiheimildanna hefur gengið kaupum og sölum frá því að framsalt var gert heimilt. Ef þessar hugmyndir ná í gegn þá fer fram eignaupptaka hjá núverandi handhöfum veiðiheimildanna. Vestmannaeyjabær telur miklar líkur á að ríkið muni, ef af verður, fá á sig málsókn og skapi sér óþarfa bótaábyrgð, með tilheyrandi kostnaði og álitshnekki. Fyrirtæki í Vestmannaeyjum ráða yfir 10% – 14% veiðiheimilda á Íslandi (fer eftir stöðu fiskistofna, þá sérstaklega uppsjávarstofna). Ef tillagan nær fram að ganga munu fyrirtæki í Eyjum verða skert 150 – 200 ÞÍG tonn, eða rúmlega allar veiðiheimildir smábáta í Vestmannaeyjum.

## Mat á árangri

Vestmannaeyjabær leggur til að framkvæmt verði hagrænt mat á tillögum þessa frumvarps og það verði útlistað hver raunverulegur ávinningur er af þessum breytingum. Ítrekað hefur verið bent á mikilvægi þess að hagrænt mat sé gert á núverandi og fyrri ráðstöfun 5,3% veiðiheimildanna. Við því hefur því miður ekki verið orðið. Núverandi tillögur eru að mestu byggðar á fyrri lögum og reglum um 5,3% veiðiheimildirnar. Í framvarpinu kemur fyrir þessi setning fyrir: *„Með því að frumvarpið felur að mestu í sér óbreytt fyrirkomulag ráðstöfunar atvinnu- og byggðakvóta þykir ekki ástæða til að framkvæma nýtt og heildstætt mat á frumvarpinu“*. Mikilvægt er að læra af sögunni og fyrri reynslu. Væntur, óljós ávinningur er byggður á mjög veikum grunni um stöðu fyrri aðgerða.

Núverandi staða og fyrri árangur er enn jafn óljós og þegar vinna hófst við breytingar á 5,3% veiðiheimildunum. Því er ógjörningur að meta áhrif með afgerandi hætti. Þetta er einn stærsti ágalli þessa frumvarps. Ljóst er að þetta frumvarp mun hafa mjög neikvæð áhrif á atvinnulíf og samfélag í Vestmannaeyjum og færa um leið störf og verðmæti til annarra aðila í öðrum sveitarfélögum, enda vandséð að Vestmannaeyjar muni njóta þeirra veiðiheimilda sem ráðstafað er til þessara byggðaaðgerða. Að einhverju leyti munu heildarverðmæti 5,3% veiðiheimildanna halda sér með þeim breytingum sem lagðar eru til. Hins vegar munu breytingarnar hafa innbyrðis áhrif, þ.e. að vermæti munu færast á milli sveitarfélaga. Þau áhrif geta verið mjög afdrifarík fyrir einstök sveitarfélög. Þessi áhrif þarf að meta sérstaklega.

Ráðherra skal fyrir 31. desember 2026 láta óháðan aðila meta árangur aðgerða skv. 15. gr. d – 15. gr. k. og hvort þær hafi náð markmiðum sínum. Að mati Vestmannaeyjabæjar þá 6 ár allt of langur tími. Frumvarpið er byggt á ófullnægjandi mati á árangri. Því er mjög brýnt að sá tími sem líður fram að mati verði sem stystur, þó þannig að áhrif og árangur sé kominn fram. Mat á árangri er ekki beintengt fyrirsjáanleika og stöðugleika. Vestmannaeyjabær leggur til að árangur veðri metinn innann tveggja ára.

Vestmannaeyjabær gerir alvarlegar athugasemdir að ekki hafi verið fjallað meira um markmið og mælikvarða í frumvarpinu. Málið hefur verið í vinnslu mjög lengi og verið umdeilt. Nægur tími hefur verið til að hafa þessi þætti skýra. Það er verið að sýsla með mikil verðmæti og taka framtíðarákvarðanir. Hefur Vestmannaeyjabær í fyrri umsögn mikið fjallað um mikilvægi þess að mælanleg markmið og mælikvarðar séu skýrir enda mun fyrir lok árs 2026 þurfa að meta árangur út frá markmiðum. Vestmannaeyjabær leggur til að mælanleg markmið og mælikvarðar verði skilgreindir í frumvarpinu enda eitt það mikilvægast við frumvarpið. Meðan þessir hlutir eru ekki skýrir þá er erfitt að gefa umsögn um þessa þætti.

## Varasjóður vegna óvæntra áfalla

Vestmannaeyjabær lýsir ánægju með að hlutfall varsjóðs hefur verið hækkað úr 8,1% í 10,52%, af 5,3% veiðiheimildunum.

Vestmannaeyjabær telur að það orðalag sem viðhaft er tengt *Varasjóði vegna óvæntra áfalla* muni hafa veruleg neikvæð áhrif á möguleika Vestmannaeyjabæjar til að fá veiðiheimildir úr Varasjóðinum þegar, ekki ef, til áfalla kemur í sjávarútvegi í Eyjum. Vestmannaeyjabær telur

líklegt að veiðiheimildum úr Varasjóðnum muni fyrst og fremst verða veitt til smærra byggðalaga. Í frumvarpinu er sérstaklega talað um samdrátt í sjávarútvegi í byggðarlögum sem háð eru veiðum eða vinnslu á **botnfiski**. Vestmannaeyjabær leggur til að í stað orðsins botnfiskur verði talað um **kvótabundnar tegundir**. Með því að tiltaka einungis botnfisk er verið að undanskilja s.s. uppsjávarfisktegundir, miðsjávartegundir, skeldýrum og aðrar kvótabundnar tegundir sem ekki teljast til botnfiska. Ekki er tekið tillit til mikilla sveifla s.s. í humri og loðnu. Fyrirtæki í Vestmannaeyjum byggja afkomu sína að miklu leyti á uppsjávarstofnum og þurfa þ.a.l. að greiða 10% álag á veiðigjöld umfram aðra fiskstofna. Loðnubrestur hefur verið í 2 ár með tilheyrandi tekjutapi. Svo ekki sé talað um alvarlegan viðvarandi brest í humarveiðum. Vandséð er að Varasjóður hefði getað bætt álíka afkomubrest eins og verið hefur verið í Vestmannaeyjum vegna loðnu- og humarbrests. Mikilvægt er að settur verði mun skýrari rammi um Varasjóðinn og að allir aðilar í sjávarútvegi sem verði fyrir óvæntum áföllum geti nýtt sér Varasjóðinn.

Ráðherra hefur heimild til að ráðstafa úr Varasjóði til margra ára í senn. Vestmannaeyjabær leggst gegn því fyrirkomulagi. Eins og nafnið gefur til kynna þá er verið að mæta óvæntum áföllum. Sú staða getur komið upp að þegar áföllin koma upp þá verði búið að ráðstafa öllum veiðiheimildum og það til langs tíma. Vestmannaeyjabær fagnar almennum fyrirsjáanleika og stöðugleika við stjórn fiskveiða. Hvað þennan tiltekna pott varðar þá þarf að vera sveigjaleiki enda er verið að mæta óvæntum þáttum. Vestmannaeyjabær leggur því til að einungis verði heimilt að ráðstafa til eins árs og að það sé skilið eftir borð fyrir báru í útdeilingu úr Varasjóðinum.

Vestmannaeyjabær leggst gegnum þeim heimildum, sem verið er að opna fyrir með að færa fjármuni úr sjávarútvegi yfir í aðrar atvinnugreinar. Með þessu opnast tækifæri til að veita fjármunum úr sjávarútvegi til að efla annarskonar atvinnustarfsemi, ótengda sjávarútvegi. Vestmannaeyjabær telur mikilvægt að 5,3% veiðiheimildirnar verði nýttar til að efla starfsemi í sjávarútvegi. Ekki á að nýta veiðiheimildirnar úr Varasjóðinum til almennra byggðaðgerða.

**Niðurstaðan eftir þessa yfirferð er að Vestmannaeyjabær leggst gegn frumvarpinu eins og það liggur fyrir núna. Í umsögninni eru tillögur til breytinga á frumvarpinu sem geta breytt afstöðu sveitarfélagsins til frumvarpsins verði tekið tillit til þeirra.**

Óskar Vestmannaeyjabær eftir því að fá að fylgja umsögninni eftir við Atvinnuveganefnd.

Fh. Vestmannaeyjabæjar

Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri